

Sp. 100. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um stækkun fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að breyta reglugerð þeirri um fiskveiðalandhelgi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, þannig, að fiskveiðalandhelgin fyrir Vestfjörðum taki til vestfirzka landgrunnsins alls austan frá Húnaflóa og suður á Breiðafjörð og fyrir Austurlandi að Grimsey og Hjörleifshöfða.

Greinargerð.

Dagurinn 5. apríl 1948 varð merkisdagur í sögu Íslands, vegna þess að þá voru sett á Alþingi Íslendinga lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Þessi merka löggjöf er grundvöllur alls þess, sem síðan hefur verið gert til stækkunar íslenzkrar fiskveiðalandhelgi og aukinnar friðunar fiskistofna á landgrunni Íslands.

1. gr. laganna um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins er á þessa leið:

„Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunni á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar af fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands. Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.“

Með lögnum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins var því ótvírátt yfir lýst, að allt íslenska landgrunnið heyrði undir íslenska lögsögu á sama hátt og landið sjálft, og skyldi sjávarútvegsmálaráðuneytið með setningu reglugerða ákvarða allar reglur um fiskveiðar innan endimarka landgrunnsins svo og um viðáttu fiskveiðalögsögunnar innan þess á hverjum tíma.

Á þessum lögum var byggt, þegar rýmkun var gerð á fiskveiðalögsögunni á nokkrum stöðum fyrir Norðurlandi árið 1950.

Á lögnum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins var einnig byggt, þegar grunnlinum var breytt og fiskveiðalandhelgin stækkuð úr þremur í fjórar mílur með setningu reglugerðar nr. 21 frá 19. marz árið 1952.

Ög enn var byggt á traustum grunni þessara sömu laga, þegar hið stóra og orlagaríka skref var stigið og fiskveiðalandhelgin stækkuð úr fjórum í tólf sjómílur með setningu reglugerðarinnar 1. september 1958.

Meðan á deilunni stóð við Breta, þótti Alþingi ástæða til að áréttta og undir-
strika óhvikula stefnu Íslands í landhelgismálinu með svo hljóðandi ályktun, er
utanríkismálanefnd bar fram:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenskri fiskveiði-
löggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra
herskipa innan íslenskrar fiskveiðalandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel
innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952.

Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til
undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna
fiskveiðalandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls,
svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunns-
ins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðalandhelgi en 12 mílur frá
grunnlínum umhverfis landið.“

Þessi yfirlýsing var gerð með samhljóða atkvæðum allra alþingismanna 5. maí
1959, og er hún enn í fullu gildi.

Eins og menn sjá, vikur meginefni yfirlýsingarinnar að brezku landhelgis-
deilunni, en eitt efnisatriði hennar er sérstaklega athyglisvert og vísar til framtíð-
arinnar, nefnilega:

Að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem
að sé stefnt með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá
1948.

Pegar rakið er það helzta, sem gerzt hefur í landhelgismálinu, síðan landgrunns-
lögin voru sett, þykir mér rétt að víkja þessu næst að lausn fiskveiðadeilunnar við
Breta, en á hana var endi bundinn með ályktun Alþingis 9. marz 1961.

Fóru síðan, þann 11. marz 1961, fram erindaskipti („nótuskipti“) um lausn
deilunnar milli utanríkisráðherra Íslands, Guðmundar Í. Guðmundssonar, og þá-
verandi sendiherra Breta á Íslandi, herra Andrew C. Stewart, og voru helztu efnis-
atriði þessi:

1. Ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn tólf mílna fiskveiða-
lögsögu umhverfis Ísland.
2. Grunnlíubreytingar verði gerðar á nokkrum stöðum til rýmkunar fiskveiða-
lögsögunnar.
3. Þrjú árin næstu lofar ríkisstjórn Íslands að hindra ekki, að skip skrásett í
Bretlandi stundi veiðar milli tólf og sex mílna línunnar á nánar tilgreindum
svæðum og tímum.
4. Þá gaf ríkisstjórn Íslands svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar
Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðalögsögunnar við Ísland, en
mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara,
og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar,
skotið til Alþjóðadómstólsins.“

Sú breyting, sem með tillögu þessari er lagt til, að gerð verði á fiskveiðaland-
helginni fyrir Vestfjörðum, er fyrsta skrefið, sem stigið er til úrfærslu fiskveiða-
lögsögunnar, síðan framangreint samkomulag var gert við ríkisstjórn Bretlands.
Verður því sjálfsagt eigi hjá því komið, að meðferð málsins verði sú, sem þar segir.

En hitt leikur ekki á tveim tungum, að tillaga þessi er í fyllsta samræmi við
þá yfirlýstu stefnu Alþingis og íslensku ríkisstjórnarinnar „að halda áfram að vinna
að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959“, en í þeirri ályktun sagði, að
aflað skyldi viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls.

Eins og meðfylgjandi uppdráttur af íslensku landgrunninu sýnir, er landgrunnið
við Norðurland og Suður- og Suðvesturland að miklu leyti innan núverandi fisk-
veiðalandhelgi. En hins vegar er mikill hluti landgrunnsins fyrir Austurlandi og
Suðausturlandi utan fiskveiðalandhelginnar. Og fyrir Vestfjörðum er mikill meiri
hluti landgrunnsins utan núverandi fiskveiðalandhelgi.

Er þannig enn langt í land með, að því takmarki, sem Íslendingar settu sér með setningu laganna um vísindalega verndun fiskmiða landgrunnusins, sé náð.

Þess munu fá, ef nokkur dæmi í heiminum, að líf þjóða sé jafnháð fiskveiðum og fiskiðnaði sem líf íslenzku þjóðarinnar. Samt hafa margar þjóðir, sem minna eiga undir fiskveiðum en við Íslendingar, þegar lýst yfir einhliða rétti sínum til fiskveiða á landgrunninu við strendur sínar. Meðal þeirra þjóða eru t. d. Argentína, Cambodía, Chile, Costa-Rica. Equador, El Salvador, Guatemala, Suður-Kórea, Mexíkó, Nicaragua, Panama og Perú.

Má þó vera, að þær þjóðir, sem helgað hafa sér landgrunn sitt sem fiskveiðalandhelgi, sumar allt að 150—200 mílur til hafs, séu enn fleiri en hér eru taldar.

En af þessu er ljóst, að þegar Íslendingar stíga það spor að helga sér landgrunnið allt sem fiskveiðalandhelgi sína, þá erum vér hér aðeins að stíga þau spor, sem þegar hafa verið stigin af mörgum þjóðum á undan oss.

Nú mundi það e. t. v. vera skoðun margra, að næsta skref Íslendinga í landhelgismálinu ætti að vera það að láta fiskveiðalögsögu Íslands ná til landgrunnusins alls. Og engan veginn væri það óeðlilegt, að slíkt væri gert í einum áfanga.

En með þessari tillögu er ekki tekið svo djúpt í árinna. Hér er aðeins lagt til, að fiskveiðalandhelgin fyrir Vestfjörðum verði látin taka til vestfirzka landgrunnusins austan frá Húnaflóa og suður á Breiðafjörð.

Ýmsar ástæður liggja til þess, að ég tel rétt að haga tillöguflutningi mínum að þessu sinni svo sem hér er gert.

Fram til þessa höfum við Íslendingar þokað okkur að settu marki í landhelgismálinu stig af stigi, oft í smáum skrefum.

Svo var gert 1950 norðanlands, einnig 1952. Og með hinni miklu stækkun landhelginnar úr 4 mílum í 12 mílur 1958 var öllum ljóst, að einungis var um áfanga að ræða, en ekkert lokatakmark.

Stækkun fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum er lífsnauðsynjamál, sem ekki má dragast að leysa.

Þó að það kunni að hljóma eins og öfugmæli, er það samt satt, að Vestfirðingar t. d. eru öllu verr settir, svo sem friðun fiskimiða við strendur landsins er nú háttáð, en þeir voru, meðan landhelgin var aðeins þrjár sjómílur.

Hver, sem lítur á uppdráttinn yfir fiskveiðalandhelgi Íslands, mun sannfærast um, að þetta er rétt. Við stækkun landhelginnar hafa Vestfirðingar aðeins fengið sína tólf mílna landhelgi fyrir öllum Vestfjörðum. En fyrir Suður- og Vesturlandi hafa víðáttumikil hafsvæði og flóar friðazt fyrir ágangi innlendra og erlendra skipa og þar með nálega allt landgrunnið úti fyrir ströndum þessa landshluta.


Þar er landhelgin á stórum svæðum raunar miklu meira en 12 mílur, og er það vel.


En þegar þessi gösenlönd veiðipjófanna lokuðust, tóku þeir í vaxandi mæli að líta hýru auga til vestfirzka landgrunnusins. Er það skemmst af að segja, að ágangur á það hefur margfaldazt, og veiðimöguleikar innan landhelginnar minnkað að sama skapi. — Þannig er nú erlendu togarastóði beitt í „tún“ Vestfirðinga.

Þetta, sem nú hefur verið sagt, á einnig í flestu tilliti við um Austfirði og Austfirðinga.

Afleiðingar þessa dyljast heldur ekki. Þær koma fram í rýrnandi aflamagni fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum, á sama tíma sem aflamagnið hefur aukizt suðvestanlands, þar sem meginhluti landgrunnusins er innan landhelgi og nýtur fullnægjandi friðunar.

Alvarlegasta hlið þessa máls er sú, að fáist landgrunnið fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum ekki friðað, missir sjómannastéttin — þróttmesti hluti fólksins, sem þar býr — trúna á, að lífvænlegt sé til frambúðar í þessum landshlutum. Nú þegar kennir vaxandi kvíða og vantrúar á framtíðarmöguleikana hjá vestfirzkum og Austfirzkum sjómönnum, og beygur þeirra berst til fjölskyldnanna í landi og dregur almennt kjark úr fólki.





ÍSLAND

Mælikvarði 1:1200000 á 64°n br
Fiskevæðingarmark samkvæmt reglugerð N° 70 30 júní 1958

Kopjgerðin, 1960

Vestfirðingar og Austfirðingar eiga allt sitt að kalla undir því, sem sjórinn gefur. Fólkið, sem byggir Vestfirði og Austfirði, er atorkusamt og lætur ekki sitt eftir liggja við öflun verðmæta í þjóðarbúið. Það er naumast ofsagt, þótt sagt sé, að réttur þess til landgrunnsins sé réttur þess til lífsins.

Stækkun landhelginnar, svo sem í tillögu þessari segir, þannig, að hún nái yfir landgrunnið allt, er eitt allra stærsta mál Vestfirðinga og Austfirðinga nú og í næstu framtíð. Þess vegna er mikið í húfi, að Alþingi og ríkisstjórn bregðist vel og drengilega við þessu máli, samþykki þessa tillögu, áður en þessu þingi lýkur, og tryggji henni framgang svo fljótt sem verða má.

Uppdráttur sá, sem hér með fylgir, sýnir fiskveiðalandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð nr. 70 frá 30. júní 1958 og þann hluta landgrunnsins, sem enn er utan íslenzkrar lögsögu.